

Fundargerð

189. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 29. október 2013 kl. 12¹⁵ – 13⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Hjólbarðar
- (3) Smurolíusamningur
- (4) Umbúðir úr plasti
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (188. fundar).

2. Hjólbarðar

Farið var yfir það á fundinum að stjórn Úrvinnslusjóðs ákvað á stjórnarfundi í mars 2009 endurgjald fyrir endurnýtingu á hjólbörðum á urðunarstað. Hjólbarðakurl er notað sem drenlag á urðunarstað. Samþykktin var lögð fram á fundinum. Á sama fundi var ákveðið að endurskoða þessa greiðslu með hliðsjón af verðlagsþróun.

ÓK fór yfir það að Sorpa hefur óskað eftir endurskoðun sbr. bréf sem lagt var fram á fundinum. Rætt var um greiðslur vegna flutninga á hjólbörðum utan af landi. GGÞ ræddi notkun hjólbarða á urðunarstað. Hann telur að hjólbarða nýtist við rekstur urðunarstaðarins í Álfsnesi til kostnaðarlækkunar. Stjórn ræddi gildi vísitalna til viðmiðunar gjaldskrá gagnvart starfssemi urðunarstaða.

Lagt var fram á fundinum bréf frá Furu sem einnig hefur óskað eftir hækkun á endurgjaldi og flutningsjöfnun fyrir hjólbarða.

Lögð var fram á fundinum tillögur um breytingar á endurgjaldi og flutningsjöfnun vegna meðhöndlunar á hjólbörðum ásamt kostnaðaráhrifum.

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir að hækka endurgjald til þjónustuaðila vegna meðhöndlunar hjólbarða úr 38 kr/kg í 42 kr/kg. Flutningsjald verði hækkað til samræmis við greiðslur vegna flutnings fyrir umbúðir úr pappa- og plastumbúðir.

Stjórn felur framkvæmdstjóra Úrvinnslusjóðs að taka upp viðræður við þjónustu- og ráðstöfunaraðila um að yfirfara kostnaðarmat vegna meðhöndlunar á hjólbörðum.

3. Smurolíusamningur

Lögð var fram á fundinum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins (SKE) um undanþágu frá 10. gr. Samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna samstarfs seljenda smurolúu um söfnun og förgun úrgangsolúu. Jafnframt var dreift á fundinum afriti af skjámyndum þar sem farið var yfir forsendur samningsins.

ÓK fór yfir það að ákvörðunarorð eru mjög svipuð ef ekki eins og þau sem lögð voru fram í drögum að ákvörðun SKE sumarbyrjun 2013 og kynnt voru á stjórnarfundum. Í ákvörðunarorðum SKE er kveðið á um undanþágu um samstarf olúfélaganna um innsöfnun smurolúuúrgangs gildi frá 17. október 2013 til 30. nóvember 2018 með fyrirvara vegna markaðsrannsóknar SKE á eldsneytismarkaði skv. ákvörðun SKE 5. júní 2013.

Stjórn Úrvinnslujóðs samþykkir að ganga frá samningi við olúfélögin í samræmi við undanþágu SKE.

4. Umbúðir úr plasti

Frestað

5. Önnur mál

Rætt var um dagsetningu á ársfundi Úrvinnslujóðs. Ákveðið að halda ársfund 4. eð 5. desember.

Næsti fundur ákveðinn 26. nóvember 2013.

Fundi slitið kl 13:40